

Vinna í og með snjó

Auður Pálsdóttir

Eftirfarandi myndir eru teknar í Noregi í mars 2007 á námskeiði kennara í útikennslu við kennaraháskóla á Norðurlöndunum og nemenda þeirra. Valgreinar (kjörsvið) kennaranemanna voru ýmist náttúrufræði, listgreinar eða íþróttir.

Hitastig var -2 til +4 gráður Celsíus, nokkuð sem við þekkjum vel á Íslandi.

Snjórinn sem þarna var unnið úr var allt frá því að vera nýfallinn púðursnjór upp í að vera grjótharðir harðfenniskögglar.

Flekarnir sem notaðir voru eru úr vatnsheldum krossviði (um 15 mm á þykkt). Breidd fleka var um 60 cm, en lengdin var tvenns konar, annars vegar tveggja metra langir flekar og hins vegar eins metra.

Frekar upplýsingar: audurp@hi.is

Búum til byggingarefnið

- Fyrst er að búa til snjóblokkir (strendinga). Þá eru fjórir flekar festir saman, hvert flekarnir er fest saman með hjörum og pörin svo með öflugum krækjum svo úr verður strendingur.
- Þá er ein manneskja sett inn í strendinginn og á að þjappa (stíga) snjóinn sem hinir moka í.
- Svo er bara að bíða í rúma klukkustund (eða fylla næsta) og byrja smíðina.



Listamenn að störfum

- Fylla má tvo strendinga þétt við hvorn annan svo hægt sé að skera úr lengra/stærra listaverk.
- Verkfærin eru hefðbundnar sagir, sandkassaskóflur og hvað eina sem fólki dettur í hug.
- Gott er að hafa ljósrit af fyrirmyndinni og vera í góðum vettlingum.



Frábær hönnun – skemmtilegt verk



Skera snjóinn í kubba

- Eins má skera strendingana niður í nokkuð stóra „múrsteina“ og byggja ýmiskonar skjól úr þeim.
- Best er að nota vír til að skera langsum, og hafa lykkju á endunum. Gott er að hnýta nokkra einfalda hnúta á vírinn sem hraða skurðinum.
- Síðan er markað far á öllum köntum fyrir þykkt kubbanna (til að tryggja jafna þykkt) og svo skorið með vírnum.



Og byggja hús

